

Þriðjudaginn 20. apríl 1971.

Nr. 52/1971. **Valdstjórnin**
 gegn
Edward Roger Kolbeini Andrésyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

William Thomas Möller, fulltrúi bæjarfógeta Kópavogs, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1971, sem barst dóminum 13. s. m., og krafizt þess, að gæzluvarðhaldstíminn verði stytur í 30 daga. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVII., XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961. Þá eru og sakarefni slík, að fyllsta ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d lið, 75. gr. laga nr. 82/1961. Þykir gæzluvarðhaldstíminn, eins og á stendur, hæfilega ákveðinn í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 1. apríl 1971.

Á undanfórnum vikum sérstaklega, en reyndar einnig allt frá byrjun desember 1970, hefur Edward Roger Kolbeinn Andrésón, Skólagerði 22, Kópavogi, fæddur 5. ágúst 1949, nú gæzlufangi í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, játað við yfir-

heyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi og Reykjavík að hafa framið fjölda innbrota og þjófnaða í Kópavogi, Reykjavík og Garðahreppi á undanförnum 4—5 mánuðum og einnig að hafa falsað bankaávisanir og svikið með þeim út peninga og vörur, oftast einn, en stundum með öðrum.

Þá hefur kærði játað að hafa ásamt þremur öðrum ungum mönnum stolið sprengiefni úr birgðaskúr í eigu Kópavogsskaupstaðar og að hafa verið í ráðagerðum með fleirum um að nota sprengiefnið og annan sprengiútbúnað, sem hann ásamt fleirum hafði undir höndum, til róttækra aðgerða í pólitískum tilgangi og í því sambandi ráðagerðum um stofnun hóps eða hópa („Aktionistagrúppu“), sem hefði á stefnuskrá sinni m. a. mannrán og fjárkúgun.

Kærði, Edward Roger Kolbeinn Andrésson, hefur játað framangreind afbrot við yfirheyrslur við rannsókn málsins fyrir saka-dómi Kópavogs.

Kærði hefur borið fyrir dómi, að stundum telji hann hegðun sína varðandi afbrot sjúklegs eðlis og vilji hann ákveðið leita læknis í því sambandi og hann samþykki og beinlínis óski eftir því, að hann verði látinn gangast undir geðrannsókn.

Fram hefur komið við rannsókn málsins fyrir dómi, að kærði var í haldi frá kl. 2200 12. marz s.l. til kl. 2200 13. marz s.l. á lögreglustöðinni í Kópavogi vegna rannsóknar á brotum, sem hann játaði að hafa þá nýlega framið. Einnig hefur komið fram, að kærði hefur játað að hafa brotízt inn í húsakynni Myndlista- og handiðaskólann að Skipholti 1, Reykjavík, rúmlega þremur sólarhringum síðar, eða aðfaranótt 17. marz s.l.

Kærði var úrskurðaður í allt að 14 daga gæzluvarðhald fimmtudaginn 18. marz s.l., þar sem rannsókn varðandi afbrot, sem hann hafði þá játað og var grunaður um eða var grunaður um og hefur játað síðan, var þá á frumstigi og þar sem ætla mátti, að hann héldi áfram afbrotum, ef hann yrði látinn laus. Rannsókn þessa máls varðandi meint afbrot kærða, Edwards Rogers Kolbeins Andréssonar, er hvergi nærri lokið. Hafa við rannsókn málsins, yfirheyrslur yfir kærða og fleiri aðiljum og fleiri þætti rannsóknarinnar, allt fram á þennan dag, komið fram upplýsingar og önnur atriði, sem rannsaka þarf frekar.

Eftir er að framkvæma frekari rannsókn varðandi hugarfar kærða í sambandi við afbrotin og kanna nánar, af hvaða hvötum og í hvaða tilgangi kærði hefur framið þau afbrot, sem hann er grunaður um að hafa framið og hefur játað. Þá þarf einnig

frekari rannsóknar við varðandi andlegt og líkamlegt heilbrigðis-
ástand kærða.

Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, verður
að telja, að ætla megi, að kærði haldi áfram og gerist sekur um
fleiri afbrot en hann hefur til þessa játað að hafa framið og
er grunaður um, ef hann yrði nú látinn laus.

Þykir því að framansögðu bera nauðsyn til með vísun til 1.
og 5. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða,
Edward Roger Kolbein Andrésson, til þess að sæta gæzluvarð-
haldi í allt að 60 dögum, meðan rannsókn málsins er ólokið.

Þá þykir einnig nauðsyn bera til að úrskurða kærða til þess
að sæta geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Því úrskurðast:

Kærði, Edward Roger Kolbeinn Andrésson, sæti gæzluvarð-
haldi í allt að 60 dögum.

Kærði gangi jafnframt undir geðrannsókn innan marka
gæzluvarðhaldstímans.

Mánudaginn 26. apríl 1971.

Nr. 36/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Bjarna Guðlaugi Hannessyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í skýrslu Hjálmars Eypórssonar lögreglumanns, sem vitni
hafa staðfest rétta, segir m. a.: „Er komið var norður fyrir
Viðidalsárbrú, sást til bifreiðar skammt á undan. Lítils háttar